

Bæjarskrifstofur Garðabæjar

Mótt.dags. 04.02.19

Málalýkill 00.49

Mál nr. 1902036



Garðabær
b.t. bæjarstjóra/fjármálastjóra
Ráðhús Garðabæjar
210 Garðabær

Reykjavík, 29. janúar 2019

Mál nr. 1807198

Efni: Hjallastefnan-uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Eins og sveitarfélaginu er kunnugt var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt með lögum nr. 127/2016 og hafði sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Tóku breytingarnar gildi 1. júní 2017. Meðal þeirra breytinga sem lögin höfðu í för með sér var að launagreiðendur sem greitt höfðu til A deildar lífeyrissjóðsins þurftu að greiða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Launagreiðendur aðrir en sveitarfélög, stofnanir sveitafélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, gátu þó óskað eftir því að greiða framlag í lífeyrisaukasjóð með sérstöku iðgjaldi í samræmi við grein 10 í samþykktum sjóðsins.

Með bréfi dags. 15. maí 2017 var framangreind lagabreyting kynnt Hjallastefnunni ehf. Fjárhæðir til uppgjors vegna Hjallastefnunnar nema samtals kr. 101.684.542, jafnvægisjóður kr. 78.360.684 og varúðarsjóður kr. 23.323.858, sbr. meðfylgjandi útreikninga. Framlag í lífeyrisaukasjóð er greitt af Hjallastefnunni með sérstöku iðgjaldi, en framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, Þórdís J. Sigurðardóttir, samþykkti (áframhaldandi) greiðslu sérstaks iðgjalds sem framlag í lífeyrisaukasjóð með bréfi til lífeyrissjóðsins dags. 14. júní 2018. Framlag vegna jafnvægisjóðs og varúðarsjóðs er ógreitt vegna Hjallastefnunnar þegar bréf þetta er ritað, en Hjallastefnan telur sig ekki bera skyldu til þess að greiða framkomnar kröfur. Hefur verið vísað til þjónustusamninga Hjallastefnunnar við sveitarfélögin í því samhengi og ábyrgð sveitarfélaganna á kostnaði vegna launa og launatengdra gjalda við rekstur þeirrar þjónustu sem samningar við Hjallastefnuna ná til. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki afrit af umræddum samningum og vísar því til Hjallastefnunnar sé frekari upplýsinga óskað um túlkun þessa.

Hjallastefnan hefur reiknað út skiptingu jafnvægisjóðs og varúðarsjóðs á einstök sveitarfélög og byggir meðfylgjandi útreikningur á þeirri skiptingu.

Kennitala	Nafn launagreiðenda	Jafnvægis sjóður	Lífeyrisauka sjóður	Varúðar sjóður	Samtals framlag
5405992039	Hjallastefnan	78.360.684	0	23.323.858	101.684.542
		78.360.684	0	23.323.858	101.684.542
Skipting niður á sveitarfélög					
7,33%	Reykjanesbær	5.743.838		1.709.639	7.453.477
4,04%	Sandgerði	3.165.772		942.284	4.108.055
19,50%	Reykjavík	15.280.333		4.548.152	19.828.486
23,07%	Garðabær	18.077.810		5.380.814	23.458.624
15,64%	Hafnarfjörður	12.255.611		3.647.851	15.903.462
2,38%	Skagaströnd	1.864.984		555.108	2.420.092
5,93%	Vestmannaeyjar	4.646.789		1.383.105	6.029.893
2,38%	Tálknafjörður	1.864.984		555.108	2.420.092
9,73%	Akureyri	7.624.495		2.269.411	9.893.906
2,78%	Ísafjörður	2.178.427		648.403	2.826.830
7,22%	Borgarbyggð	5.657.641		1.683.983	7.341.624
100,00%		78.360.684		23.323.858	101.684.542

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga


Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | Sími +354 5400 700 | Fax +354 5400 701 | bru@lifbru.is | www.lifbru.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Með vísan til framangreinds er óskað eftir að sveitarfélagið, í samvinnu við Hjallastefnuna og með vísan til umræddra þjónustusamninga milli sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar, gangi til uppgjors við lífeyrissjóðinn á umræddum kröfum í jafnvægisjóð og varúðarsjóð í samræmi við þá skiptingu sem meðfylgjandi útreikningar bera með sér.

Sé frekari upplýsinga óskað um útreikning skiptingar milli sveitarfélaga vísast til framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar, Þórdísar J Sigurðardóttur. Sé frekari upplýsinga óskað um fjárhæðir umræddra krafna í jafnvægisjóð og varúðarsjóð er hægt að hafa samband við undirritaða.

Með von um góðar undirtektir,


Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

Afrit:

Hjallastefnan ehf.
Vífilsstaðavegi 123
210 Garðabæ